

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, land Hófgerðis og land úr Klængsseli úr landi Efri-Gegnishóla.

Breytingin felst í því að byggð á bæjartorfu Hófgerðis þéttist. Afmarkaðir eru tveir byggingarreitir, reitir A og B, en auk þess eru afmarkaðar tvær íbúðarhúsalóðir til viðbótar því sem þegar hefur verið byggt, Hófgerði 1 og Hófgerði 2. Á byggingarreit A er heimild fyrir 450 m² íbúðarhúsi á einni hæð ásamt bílskúr. Á byggingarreit B er heimilað að reisa allt að 2.800 m² hús á einni hæð tengt búrekstri. Á lóðunum Hófgerði 1 og Hófgerði 2 er heimilt að reisa allt að 120 m² íbúðarhús á einni hæð á hvorri lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. ágúst 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. febrúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. mars 2019